

Fundargerð skólaráðs Stapaskóla

Fyrsti fundur skólaársins 2020-2021 í Teams kl. 16:00

Mættir:

Gróa Axelsdóttir, skólastjóri, Heiða Mjöll Brynjarsdóttir og Jón Haukur Hafsteinsson, aðstoðarskólastjórar, Sigvaldi Lárusson, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Svava Rut Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Guðrún M. Þorgeirdóttir, formaður foreldrafélagsins, Lísa Mjöll Ægisdóttir, fulltrúi kennara. Regina Hrönn, fulltrúi foreldra. Jóna Helena Bjarnadóttir, fulltrúi kennara.

- 1.mál. Starfsáætlun.
- 2.mál. Umbótaáætlun.
- 3.mál. Skólastarfið.
- 4.mál. Önnur mál.

1. Mál. Starfsáætlun

Gróa fór yfir starfsáætlun og kynnti að hún væri sameiginlegt rit tveggja skólastiga. Starfsáætlun var samþykkt einróma með handauppréttingu í Teams.

2. Mál. Umbótaáætlun

Í vor var gefin út umbótáætlun og óskaði Gróa eftir athugasemdum ef einhverjar væru en svo var ekki.

3. Mál. Skólastarfið

Gróa sagði frá að í dag voru allir að koma í bygginguna en nemendur og starfsmenn eru búnir að vera á þremur starfsstöðum frá því skólinn hófst 25.ágúst. Mikill spenningur og gleði er í hópnum. Mikil ánægja er með skólalóðina á báðum skólastigum. Framundan er að kenna nemendum og starfsfólki á nýtt umhverfi þar sem allir ættu að finna sér aðstæður við hæfi.

Umræður um covid takmarkanir. Skólastarf helst með eðlilegum hætti og starfsfólk passar uppá að vera ekki fleiri en 30, gætt er að einstaklingsbundnum sóttvörnum og takmarkað aðgengi er að skólanum fyrir utanaðkomandi.

4. Mál. Önnur mál

Framundan er vinna með nemendum varðandi skólareglur.

Umræður um símanóktun en nemendur á unglingastigi mega vera í sínum upp að vissu marki og ef þau fylgja reglum.

Fundi slitið kl. 16:35

Fundargerð ritaði:

Heiða Mjöll Brynjarsdóttir

Aðstoðarskólastjóri yngra stigs